

Alþingi
Erindi nr. P 139/2644
komudagur 23.5.2011

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi:
Sendandi: Efnahags- og viðskiptaráðuneyti
Dagsetning: 20.05.2011
Málsnúmer: EVR11030091
Bréfalykill: 9.1

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga

Viðskiptanefnd bærust nú umsagnir, þar af sex efnislegar, vegna frumvarps efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, þskj. 1217, 698. mál. Ráðuneytið þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum gagnvart þeim umsögnum sem borist hafa vegna frumvarpsins og er reiðubúið að svara frekari spurningum nefndarinnar sé þess óskað.

Athugasemdir er varða 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í umsögnum frá Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE), KPMG hf. og Viðskiptaráði koma fram athugasemdir varðandi það að birta skuli yfirlýsingu um stjórnarhætti í ársreikningi félagsins. Telja FLE og KPMG hf. það vera byggt á misskilningi um hvað ársreikningur sé og að ársreikningar skiptist ekki í kafla þannig að það sé óviðeigandi að tala um sérstakan kafla í ársreikningum. Einnig telja þeir að tilskipun ESB nr. 2006/46/EB kveði sérstaklega á um að yfirlýsingin eigi að koma fram í skýrslu stjórnar.

Ráðuneytið bendir á að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga skal ársreikningurinn hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar. Jafnframt skal fylgja ársreikningnum áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og skal hann mynda eina heild. Skýrsla stjórnar er því hluti ársreiknings og gerir frumvarpið ráð fyrir að 1. gr. frumvarpsins falli undir kafla laganna sem ber yfirskriftina skýrsla stjórnar.

Fyrirnefndir aðilar leggja til að 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði breytt. Ráðuneytið sér ekkert því til fyrirstöðu og leggur til að 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist svo: „Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar.“

Athugasemdir er varða 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Í umsögnum KPMG hf. og Fjármálaeftirlitsins (FME) kemur fram að 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins gengur mun skemur í upptalningu á þeim atriðum sem fram eigi að koma í stjórnháttarskýrslunni en "Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja" sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Leggur KPMG hf. til að 2. mgr. 1. gr. verði breytt. Ráðuneytið telur þessa breytingu til bóta og leggur til að fyrsti málsliður 2. mgr. 1. gr. orðist svo:

„Í yfirlýsingunni skal að lágmarki koma fram eftirfarandi ...“

Athugasemdir er varða 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Í 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að vísa skuli til þeirra reglna um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum. Fjármálaeftirlitið (FME) leggur til í umsögn sinni að félagi beri að auki, ef við á, að vísa til annarra upplýsinga um stjórnarhætti fyrirtækisins sem beitt sé umfram þær reglur sem vísað er sérstaklega til.

Ráðuneytið telur þessa tillögu til bóta og leggur til að 1. másl. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist eftirfarandi: „*Tilvísanir í þær reglur og aðrar upplýsingar um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum og upplýsingum um hvar þær eru aðgengilegar almenningi t.d. á vefsetri félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu.*“

Í umsögnum frá NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin), Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands og Fjármálaeftirlitinu (FME) koma fram athugasemdir varðandi 2. másl. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem segir: „*Víki félag frá hluta reglna eða hefur ákveðið að beita ekki neinum ákvæðum reglna um stjórnarhætti skal greina frá ástæðum þess.*“ Er lagt til að gerður verði skýr áskilnaður um að félag skýri ekki einungis frá því af hverju það vikur frá reglum um stjórnarhætti fyrirtækja heldur skuli það enn fremur greina frá því hvaða ákvæðum í reglunum það vikur frá og ástæður þess. Það sé í samræmi við tilskipunina og reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga á NASDAQ OMX Iceland hf.

Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið og leggur til að 2. másl. 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist svo: „*Víki félagið frá hluta reglnanna eða hefur ákveðið að beita ekki neinum ákvæðum reglna um stjórnarhætti skal greina frá hver frávikin eru og ástæðum þess.*“

Athugasemdir er varða 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Í umsögn frá Félagi löggiltra endurskoðenda kemur fram tillaga um orðalagsbreytingu á 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins en þar segir: „*Lýsing á helstu þáttum innra eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfi félagsins í tengslum við samningu reikningsskila.*“ Leggur félagið til að orðalagið verði: „*Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringarkerfa félagsins í tengslum við ferli um gerð og framsetningu reikningsskila.*“

Ráðuneytið telur að það sé til bóta að breyta orðalagi fyrri hluta setningarinnar en telur ekki tímabært að breyta síðari hluta setningarinnar úr samningu reikningsskila í ferli um gerð og framsetningu reikningsskila þar sem í lögum um ársreikninga er almennt talað um að semja ársreikning og er það gegnum gangandi í lögnum. Leggur ráðuneytið til að 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist svo: „*Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringarkerfa félagsins í tengslum við samningu reikningsskila.*“

Athugasemdir er varða 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Í umsögn frá KPMG hf. kemur fram athugasemd varðandi 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem segir: „*Sama gildir um samstæðureikningsskilin*“ Leggja þeir til að þessari setningu verði eytt þar sem þeir telja að óvissa gæti skapast um hvernig túlka ætti það orðalag og að í stað þeirrar setningar komi eftirfarandi setning: „*Upplýsingar um móðurfélagið skv. 3. mgr. skulu jafnframt birtar í skýrslu stjórnar með samstæðureikningi auk lýsinga á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringakerfis í tengslum við ferli um gerð og framsetningu samstæðureiknings.*“

Ráðuneytið telur að það sé til bóta að breyta orðalagi 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins eins og KPMG hf. leggur til en vísar til athugasemda við 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins hvað varðar *samningu reikningsskila*. Ráðuneytið leggur til að 3. mgr. 1. gr. orðist svo: „*Upplýsingar um móðurfélagið skv. 2. mgr. skulu jafnframt birtar í skýrslu stjórnar með samstæðureikningi auk lýsinga á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringakerfa samstæðunnar í tengslum við samningu samstæðureiknings*“.

Athugasemdir er varða d-lið 1. liðar 7. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 2006/46/EB

Í umsögn Nasdaq OMX er vísað til þess að í framangreindu ákvæði er gerð krafa um að yfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja innihaldi upplýsingar um atriði sem koma fram í 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/25/EB um yfirtökutilboð. Sú grein var innleidd í lög nr. 3/2006, um ársreikninga með lögum nr. 171/2007 og er að finna í 66. gr. a laganna.

Athugasemd er varðar e-lið og f-lið 1. liðar 7. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 2006/46/EB

Í umsögn KPMG hf. er vísað til þess að í framangreindum ákvæðum er gerð krafa um að yfirlýsing um stjórnarhætti fyrirtækja innihaldi lýsingu á starfsemi hluthafafundar og helsta valdi hans og

lýsingu á réttindum hluthafa nema þær upplýsingar sé þegar að finna í lögum.

Í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög eru að finna ákvæði um starfsemi hluthafafundar og helsta vald hans, sem og lýsingu á réttindum hluthafa.

